



## **Fundargerð**

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykholahrepps  
mánudaginn 3. nóvember 2014 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mættir: Vilberg Þráinsson, Guðrún Guðmundsdóttir og Ágúst Már Gröndal. Einnig sátu fundinn Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir f.h. kennara grunnskólasviðs, Ingibjörg Smáradóttir fyrir hönd foreldrafélags Reykhólaskóla og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Vilberg bauð fólk velkomið og var þá gengið til dagskrár. Samþykkt var að taka eitt mál undir liðinn önnur mál.

## **Dagskrá:**

### **Mál til afgreiðslu:**

#### **1.1411001 – Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 23. júní 2013.**

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### **2. 1411002 – Skólapúlsinn.**

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 27. október 2014.

Skólastjóri fór yfir erindið með nefndinni, þar sem hann óskar eftir fjármagni á áætlun 2015 fyrir þjónustukaupum af Skólapúlsinum vegna sjálfsmats Reykhólaskóla.

*Nefndin tekur mjög vel í erindið og vísar því til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015. Samþykkt samhljóða.*

#### **3. 1411003 – Lokun leikskóladeildar Reykhólaskóla um hátíðarnar.**

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 27. október 2014.

Nefndin samþykkir lokun leikskóladeildar Reykhólaskóla dagana á milli jóla og nýárs samhljóða.

#### **3. 1411004 – Íþróttahús.**

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 27. október 2014.

Skólastjóri vildi skerpa á reglum um íþróttahúsið, að vinnustaðir í Reykholahreppi fái salinn gjaldfrjálsan, hafa reglurnar sýnilegri.

Nefndin tók jákvætt í erindið og vísar málinu til endurskoðunar á reglugerð.

#### **4. 1411005 – Mánaðarskýrsla skólastjóra.**

*Skólastjóri fór yfir mánaðarskýrslu með nefndinni.*

**5. 1411006 – Grunnám skólaliða.**

Samstarfsverkefni Reykhólahrepps og Strandabyggðar með Fræðslumiðstöð Vestfjarða haustið 2014.

*Sveitarstjóri kynnti málið fyrir nefndinni.*

**6. 1411001 – Greinargerð um samanburð á gjaldskrár leikskóla.**

Unnið af PWC fyrir Rangárþing eystra.

*Lagt fram og kynnt.*

**7. 1411008 – Drög að rafrænni handbók um öryggi og velferð barna í grunnskólum.**

Erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti dagsett 14. október 2014.

*Lagt fram og kynnt.*

**8. 1411009 – Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum.**

Erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti dagsett 28. október 2014.

*Lagt fram og kynnt.*

**9. 1411010 – Fræðslurit um rödd, hlustun og kennsluumhverfi.**

Erindi og rit frá Kennarasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 22. september 2014.

*Lagt fram og kynnt.*

**10. 1411011 – Ungt fólk, æskulýðsrannsókn um hagi barna.**

Erindi og rit frá mennta- og menningarmálaráðuneyti dagsett 9. september 2014.

*Lagt fram og kynnt.*

**Önnur mál (ef einhver):**

**1411012 – Vinnumat kennara.**

*Skólastjóri vakti athygli á fundum í tengslum við vinnumat kennara, þar sem sveitarstjórnarfulltrúar eru hvattir til þess að mæta og kynna sér þær breytingar sem gætu verið í vændum. Skólastjóri kynnti.*

**Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 17.30.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____